



## HVERNIG VERÐUM VIÐ TILBÚIN FYRIR FRAMTÍÐINA? NÝSKÖPUN OG TÆKNI Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Dagskrá vinnustofu á Hótel Hilton í Reykjavík 18. nóvember 2015.

### **MIÐVIKUDAGUR 18. NÓVEMBER 2015.**

09.00 - 09.30 Skráning.

09.30 - 09.50 *Nýsköpun og tækni – hvað þarf til?*  
Félags- og húsnæðismálaráðherra kynnr stóru línurnar.

09.50 - 10.05 *Mikilvægi samstarfs ríkis og sveitarfélaga í nýrri stefnu um nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu.*  
Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur.

10.05 - 10.30 *Nauðsyn nýsköpunar í opinberum rekstri til þess að mæta kröfum framtíðarinnar.*  
Johua Leppänen, alþjóðlegur ráðgjafi, Indufor, Finnland.

10.30 - 10.45 *Kaffi*

10.45 - 11.20 *Ný stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu – kynning á áherslusviðum.*  
Þór Garðar Þórarinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu og Halldór S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.

11.20 - 11.30 *Hvatning - Listin að skapa.*  
Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands.

11.30 - 12.30 *Vinnustofur um stefnu félags- og húsnæðismálaráðherra á sviði nýsköpunar og tækni. Þátttakendur skipa sér í hópa og rýna stefnuna.*

12.30 - 13.10 *Léttur hádegisverður. Tónlistaratriði.*

13.10 - 13.20 *Hvatning – Listin að skapa.*  
Nemendur í Listdanskóla Ísland.

13.20 - 13.50 *Vinnustofur – nýjar tillögur – mótun samstarfs um þróun tillagna á sviði velferðarþjónustu. Örkynningar á niðurstöðum.*

13.50 - 14.30 *Örkynningar á íslenskum hugmyndum um nýsköpunarverkefni á sviði velferðarþjónustu.*  
Umsækjendur í áskorun Nordic Innovation um bestu lausnir til að öðlast sjálfstætt líf (The Nordic Independent Living Challenge).





## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

*14.30 - 15.00 Árinni kennir illur ræðari! Hvernig getum við bætt ræðarann, til að bæta árina?  
Norrænir straumar í nýsköpun og tækni.*

Bárður Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, Nordic Innovation.

*15.00 - 15.10 Kaffi*

*15.10 - 15.30 Stuðningur við nýsköpun á Íslandi.*

Elvar Knútur Valsson, viðskiptafræðingur í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

*15.30 - 15.40 „Sky is the limit“ Samantekt.*

Magnús Oddsson, vöruþróunarstjóri, Össur ehf.

Fundarstjórar: Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri búsetudeildar Akureyrarbæjar.



## HVERNIG VERÐUM VIÐ TILBÚIN FYRIR FRAMTÍÐINA? NÝSKÖPUN OG TÆKNI Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Íslenskt samfélag stendur á næstu árum og áratugum frammi fyrir krefjandi verkefnum á sviði velferðarþjónustu. Eldri borgurum mun fjölga, nýir notendahópar koma fram á sjónarsviðið og kröfur til þjónustunnar taka á sig fjölbreyttari og víðtækari mynd. Þetta kallar síðan á sérhæfingu með aukinni samþættingu og góðri yfirsýn.

Til þess að bregðast við þessum aðstæðum hafa stjórnvöld víða um lönd leitað leiða til nýsköpunar og skoðað á hvern hátt unnt sé í meira mæli að beita tæknilegum lausnum í velferðarþjónustunni.

Einstaklingsbundnar tæknilausnir munu því fá aukið vægi í þjónustunni þar sem þær verða nýttar til að styðja við eða auka öryggi við athafnir daglegs lífs innan og utan heimilis. Tækninni hefur hingað til verið beint að eldri borgurum, einstaklingum með langvarandi sjúkdóma og fólki með fötlun. Stærri hópur en áður getur í dag nýtt sér þau tækifæri sem tæknin býður og í raun eru það spurningar um yfirsýn og þekkingu sem setja þróuninni takmörk. Stóra verkefnið er því að miðla þekkingu, miðla reynslu og nýta fjármuni þar sem þeir geta leitt til nýsköpunar og aukinna gæða í þjónustu við notendur.

Meginmarkmið vinnustofanna er að kynna stefnuþróun félags- og húsnæðismálaráðherra á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustunni í ljósi þeirra áskorana sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir. Einnig að þátttakendur fái tækifæri til þess að kynnast viðhorfum stjórnvalda (þ.e. ríkis og sveitarfélaga) til nýsköpunar á sviði velferðarþjónustu. Jafnframt að kynna þau úrræði hérlendis og erlendis sem standa öllum sem vilja þróa lausnir innan velferðarþjónustunnar. Loks er markmiðið að leita eftir frekari tillögum/ábendingum þátttakenda sem styrkt geta enn frekar við stefnu ráðherra (co-creation).

Vakin verður sérstök athygli á mikilvægi samráðs og samvinnu þvert á fagstéttir og málsvið til þess að fá fram ný sjónarhorn og samstarfsfleti sem styrkt gætu nýsköpun og þróun. Ráðherra félags- og húsnæðismála hefur leitað samráðs við ráðherra atvinnu- og nýsköpunar til þess að leita leiða til að tryggja farsæla framvindu á því sviði.

Í vinnustofunum munu þátttakendur fá örkyrningar á hugmyndum og verkefnum sem einstaklingar og fyrirtæki sendu inn til Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar í áskorendakeppninni um „nýjar lausnir til að lifa sjálfstæðu lífi“. Þátttakendum gefst síðan kostur á að eiga samtál við þessa einstaklinga og fulltrúa þessara fyrirtækja auk fulltrúa Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Efni vinnustofanna á erindi við starfsfólk og stjórnendur í velferðarþjónustu, hvort sem um er að ræða félags- eða heilbrigðisþjónustu. Efnið á síðan sérstakt erindi við kjörna fulltrúa á sviði sveitastjórna sem láta sig málið varða.

Loks eiga vinnustofurnar erindi við allan almenning því fyrr eða síðar munu flestir einstaklingar verða virkir notendur velferðartækni í einhverri mynd.



## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Vinnustofurnar verða haldnar á Hótel Hilton, Reykjavík 18. nóvember næstkomandi. Þær byrja kl. 09.30 og lýkur kl. 16.00.

- Aðgangur er ókeypis.
- Vefsíða: [www.vel.is/veltek2015](http://www.vel.is/veltek2015)

Vinnustofurnar verða haldnar á vegum velferðarráðuneytisins í samvinnu við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og fleiri aðila.

